

# Fundargerð 84. fundar

## verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2023, mánudaginn 20. mars kl. 09:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Stefán Aspar Stefánsson.

Að auki sátu fundinn Þorgerður M. Þorbjarnardóttir starfsmaður, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð og Flosi Hrafn Sigurðsson lögfræðingur.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 83. fundar - 2210013SA**

Fundargerð 83. fundar lögð fram til samþykktar.

**2. Söfnun lífúrgangs - 2112034SA**

Sambandinu hefur borist svar við fyrirspurn sinni til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um túlkun á 10. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, hvað varðar heimajarðgerð í tölvupósti, dags. 15. mars. Í minnisblaði sem sambandið vann og kynnti á síðasta fundi verkefnisstjórnar kom fram að sveitarfélög geti að mati sambandsins ákveðið í samþykkt um meðhöndlun úrgangs að íbúum og/eða lögaðilum sé heimilt að nýta heimajarðgerð í stað þess að sveitarfélagið safni lífúrgangi. Íbúar og lögaðilar geti hinsvegar ekki einhliða hafnað þjónustu um sérstaka söfnun á lífúrgangi ef sveitarfélag ákveður að fara þá leið.

Jafnframt hafi á fundum með ráðuneytinu verið rætt um möguleika á því að aðskilja úrgangsstrauma í sama ílátinu með því að aðskilja þá í glærum plastpoka, en ráðuneytið hefur við vinnu við nýrri reglugerð rætt þá möguleika sem til staðar eru.

Flosi H. Sigurðsson segir frá málinu.

Verkefnisstjórn telur nauðsynlegt að kalla eftir skýrari svörum frá ráðuneytinu varðandi túlkun á 10. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, hvað varðar heimajarðgerð. Jafnframt sé mikilvægt að sveitarfélögin fái skýrar leiðbeiningar um hvort heimilt sé að safna mismunandi úrgangsströumum í sama íláti ef þau eru aðskilin, t.d. með plastpoka.

**3. Breytt innheimta sveitarfélaga - 2109026SA**

Frá síðustu áramótum er gerð sú krafa til sveitarfélaga að breyta innheimtu fyrir meðhöndlun úrgangs í anda mengunarbótareglu og innleiða svokallað

Borgað þegar hent er (BPHE) kerfi. Sambandið hefur hleypt af stokkunum ýmsum stuðningsverkefnum með aðstoð umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins. Sambandið hefur unnið flest þau verkefni í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Einnig er hafið samtal við Stafrænt Ísland um þróun þjónustugáttar fyrir íbúa vegna sérstakrar söfnunar við heimili.

Porgerður M. Þorbjarnardóttir verkefnisstjóri hjá sambandinu segir frá stöðu innleiðingar BPHE kerfa og þeim verkefnum sem sambandið hefur komið að er varða breytta innheimtu.

Fyrir liggur að fleiri sveitarfélög hafa óskað eftir því að koma að innleiðingarverkefninu. Miðað við fjárhagsstöðu verkefnisins verður mögulegt að bjóða enn fleiri sveitarfélögum inn í verkefnið og nýta þá fjármuni sem til staðar eru til hraðrar innleiðingar vegna borgað þegar hent er.

Verkefnisstjórn telur afar mikilvægt að þeir fjármunir sem til staðar eru séu nýttir til þess að aðstoða sveitarfélög til þess að innleiða "Borgað þegar hent er". Því þarf að kanna hug annarra sveitarfélaga til þátttöku með þeim fjárstuðningi sem í boði er.

#### **4. Nefnd um vinnuaðstæður starfsfólks sem sinnir sérstakri söfnun - 2303015SA**

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið óskar eftir tilnefningu í nefnd sem hefur það hlutverk að koma með tillögur um til hvaða aðgerða unnt sé að grípa til að bæta vinnuaðstæður starfsfólks við hirðu úrgangs. Í bréfi ráðuneytisins segir að vinnuverndarsjónarmið, viðmið um aðgengi að ílátum við íbúðarhúsnæði sem og viðmið fyrir meðhöndlun úrgangs þurfa að fara saman. Þykir einnig tímabært að samræma þessi viðmið til að ná markmiðum hringrásarhagkerfisins á Íslandi. Bréf ráðuneytisins, ódagsett, lagt fram til kynningar.

Málið tengist ósamræmi ákvæða í regluverki byggingar- og skipulagsmála við ákvæði laga um meðhöndlun úrgangs sem verkefnisstjórn fjallaði um á síðasta fundi sínum auk þess sem ekki hefur enn fengist fjármagn til að vinna hönnunar- og skipulagsviðmið vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis sem sambandið hefur leitað eftir. Eygerður Margrétardóttir og Flosi Hrafn Sigurðsson frá sambandinu segja frá málinu.

Verkefnisstjórn fagnar stofnun þessa starfshóps. Þrátt fyrir það telur verkefnisstjórn nauðsynlegt að útvíkka nánar þau verkefni sem hópnum eru falin. Fyrir liggur að töluvert misræmi er milli ákvæða laga um meðhöndlun úrgangs og skipulags- og byggingarreglugerðar. Því þyrfti að bæta því við sem verkefnis nefndarinnar að leggja til breytingar á lögum til þess að samræma hugtakanotkun og skilyrða milli þessara laga- og reglugerðabálka. Er það nauðsynlegt svo unnt sé að bæta aðstæður starfsfólks sem sinnir hirðu úrgangs með raunverulegum hætti auk þess sem það mun auðvelda

sveitarfélögum til muna við að skipuleggja hagkvæma og skilvirka sérstaka söfnun úrgangs. Jafnframt vill verkefnisstjórnin benda á mikilvægi þess að vinna nefndarinnar snúi bæði að vinnu starfsfólks á höfuðborgarsvæðinu sem og í minni og stærri sveitarfélögum úti á landi.

**5. Breytingar á sérstakri söfnun hjá Akureyrarbæ - 2112034SA**

Akureyrarbær vinnur að því að innleiða breytingar á sérstakri söfnun. Sævar Freyr Sigurðsson ráðgjafi sveitarfélagsins vegna útboðs sveitarfélagsins í hirðu úrgangs við heimili, rekstur grendarstöðva og gámasvæðis kemur á fundinn og segir frá málinu.

Akureyrarbær hyggst bjóða upp á miðlæga söfnun úrgangs fyrir bæði fjölbýlishús og aðrar fasteignir sem óska eftir því að fá sameiginlega hirðingu. Jafnframt verða í boði stærri og minni tvískiptar tunnur. Markmið Akureyrarbæjar er að fækka ílátum þó úrgangsflokkunum sem hirtir eru við heimili sé að fjölga með þessum hætti. Þá er markmiðið að draga úr hirðutíðni eins og mögulegt sé, allt með það að markmiði að lágmarka kostnað, draga úr sjónrænum afleiðingum af fjölgun úrgangsflokka sem ber að safna við heimili.

Verkefnisstjórn þakkar fyrir áhugaverða kynningu á innleiðingu Akureyrarbæjar vegna breytinga á lögum um meðhöndlun úrgangs. Telur verkefnisstjórn mikilvægt að sveitarfélög nýti reynslu hvers annars við innleiðinguna, allt með það að markmiði að gera hirðu við heimili einfalda og hagkvæma.

**6. Framkvæmd sérsöfnunar á textíl með tilliti til nýrra laga - 2301049SA**

Nýleg löggjöf gerir kröfu um að sveitarfélög safni textíl á grenndarstöðvum. Hingað til hafa góðgerðasamtök eins og Rauði krossinn séð um söfnun textíls. Málið var áður á dagskrá 82. fundar verkefnisstjórnar. Minnisblað Rauða krossins, dags. 17. mars, lagt fram til kynningar. Kristín S. Hjálmtýsdóttir framkvæmdarstjóri og Björg Kjartansdóttir Sviðsstjóri fjáröflunar og kynningarviðs hjá Rauða krossinum mæta á fundinn og segja frá þeim breytingum sem eru að verða á söfnun og annarri meðhöndlun textíls hjá Rauða krossinum. Lýsa þær nánar hvaða þörf Rauði Krossinn hefur til magns af textíl vegna samninga þeirra við erlenda kaupendur, en einnig samninga sem Rauði krossinn er með vegna flutninga innan- og utanlands.

Af þeim textíl sem fluttur er erlendis er um 60% nýtt sem klæði án meðhöndlunar, um 30% er endurnýtt með öðrum hætti og um 10% fer til annarrar meðhöndlunar. Rekstrargrundvöllur Rauða krossins vegna söfnunar textíls gæti brostið með breytingum á lögum um meðhöndlun úrgangs ef sveitarfélög hyggjast safna sjálf textíl án þess að þeim textíl sé ráðstafað til Rauða krossins.

Verkefnisstjórn þakkar Rauða krossinum fyrir kynningu sína og betri upplýsingar um hlutverk og starfsemi Rauða krossins við móttöku, meðhöndlun og ráðstöfun á textíl.

*Frekari umræða um möguleika og hlutverk sveitarfélaga vegna ráðstöfunar textíls verður á dagskrá verkefnisstjórnar á næstu fundum.*

**7. Nýjar merkingar fyrir flokkun hafa verið innleiddar - 2009210SA**

Þriðja útgáfa handbókar um flokkunarkerkingar fyrir Ísland hefur verið samþykkt af norrænu samtökunum EUPicto og gefin út. Verkefnisstjóri segir frá málinu. Ísland hefur í samstarfi við Danmörk og Svíþjóð tekið upp nýja merkingu fyrir flokkun á plastumbúðum við heimili. Aðrar merkingar fyrir flokkun á plasti tóku breytingum samhliða og innleitt er nýtt merki fyrir hart plast til notkunnar á grenndar- og söfnunarstöðvum. Einnig er að frumkvæði Íslands komið merki fyrir kertavax og járnbundna steypu í norrænu merkjaflórana. EUPicto hefur nýlega samþykkt leiðbeiningar fyrir framleiðendur um notkun merkjanna á umbúðir og vörur. Handbók FENÚR, dags. í febrúar 2023, og leiðbeiningar EUPicto til framleiðenda, ódagsett, lagt fram til kynningar.

Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri stýrði fundi í vegna forfalla formanns verkefnisstjórnarinnar.

**8. Önnur mál - 2009111SA**

Fundi var slitið kl. 11:00

---

Hildigunnur Rut Jónsdóttir

---

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

---

Stefán Aspar Stefánsson